

Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2019, mánudaginn 4. febrúar, var haldinn 25. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn á lögreglustöðinni, Hverfisgötu og hófst kl. 14:00. Fundinn sátu: Sabine Leskopf, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Jenný Ingudóttir og Örn Þórðarson. Fundinn sátu einnig Anna Kristinsdóttir og Elísabet Pétursdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram erindi Nordic Safe Cities um þátttöku Reykjavíkurborgar í verkefninu The Nordic Capital Room, samráð höfuðborga Norðurlanda gegn öfgahyggju.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Við teljum mikilvægt að Reykjavíkurborg verði aðilar að The Nordic Capital Room og það sé eðlilegt framhald af þátttöku í verkefninu Nordic Safe Cities og þá sérstaklega með tilliti til forvarnarvinnu og stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar.

Vísað til borgarráðs

- Kl. 14:20 tekur Sigprúður Guðmundsdóttir sæti á fundinum
 - Halldóra Dröfn Gunnardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið
2. Lagt fram uppfært fundarplan ofbeldisvarnarnefndar 2019.
 3. Fram fer kynning á tölfræði kynferðisbrotamála hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Rannveig Þórisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
 4. Fram fer kynning á stöðu verkefna sem tengd eru kynbundnu ofbeldi hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Theódór Kristjánsson og Ævar Pálmi Eyjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
 5. Fram fer kynning frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um áhættumat vegna erfiðra einstaklinga.

Rannveig Þórisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:06

Örn Þórðarson

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Sabine Leskopf
Sigprúður Guðmundsdóttir

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Jenný Ingudóttir